

L Ö G

um eyðingu refa og minka.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Yfirumsjón.

1 gr.

Sýslumenn hafa hver í sínu umdæmi umsjón með framkvæmd þessara laga undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Sýslunefndir skulu sjá um, að hreppsnefndir annast eyðingu refa og villiminka.

Heimilt er sýslunefnd að ráða í samráði við hreppsnefndir einn mann (refaeyðingarstjóra) til að stjórna refa- og minkaveiðum í allri sýslunni eða nokkrum hluta hennar.

II. KAFLI

Eyðing refa og minka.

3. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenja- og minkaleitir í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort sem lönd þessi liggja utan eða innan sýslufélagsins eða hreppsins, svo og um vinnslu grenja- og minkabæla. Þar, sem tveir eða fleiri hreppar eiga afréttarlönd saman, annast þeir í sameiningu, eða stjórn upprekstrarfélagsins, leitina og vinnslu dýranna á afréttinni.

Ef unnt er, skal skotmaður eða skotmenn annast grenjaleitina, en bogmaður eða skotmaður, eftir því sem við á, minkaleitina.

4. gr.

Hreppsnefnd, stjórn upprekstrarfélags, þar sem hreppar eiga upprekstrarlönd saman, sbr. 3. gr., eða refaeyðingarstjóri, þar sem hann hefur verið ráðinn, sbr. 2. gr., ráða skotmann eða bogmann, einn eða fleiri, til að vinna greni eða minkabæli í þeim löndum, sem þeim ber að annast um í þessu efni. Skulu skotmenn eða bogmenn reiðubúnir til grenjavinnslu, hvenær sem greni eða minkabæli finnst. Vöku- maður, sem skotmaður tekur gildan, skal vera ráðinn af sama aðila til að vera með skotmanni á grenjum.

5. gr.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 4. gr., að vinna greni eða taka yrðlinga, nema svo hafi staðið á, að ekki hafi náðst til skotmanns í tæka tíð.

6. gr.

Þegar greni eða minkabæli finnst, hvort heldur er í grenja- eða minkaleit eða þess utan, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður

og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar nema fara sjálfur, skal hann hraða 56
för sinni sem mest. Skotmanni eða bogmanni skal síðan gert aðvart tafarlaust. 25. maí
Kostnaður við slíkt telst með öðrum eyðingarkostnaði.

7. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst við hreppsnefnd eða þann aðila, sem sér um grenjavinnslu. Sama gildir um borgun til bogmanns. Heimilt er að semja um verðlaun fyrir unnin dýr, en taka skal tillit til þess, þegar ráðningarkjör skotmanns og bogmanns eru ákveðin. Einnig skal taka tillit til þess við launaákvörðun, ef yrðlingar eða minkahvolpar eru verðmætir.

8. gr.

Nú vinnst hlaupadýr, og á þá sá, er vinnur, 60 kr. sem verðlaun fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir oddvita að hafa unnið, og sömu upphæð fyrir hvern mink.

9. gr.

Hreppsnefnd, stjórn upprekstrarfélags eða refaeyðingarstjóri heldur skrá yfir öll þekkt greni og minkabæli og gerir stutta lýsingu á þeim. Gera skal vörður eða skothyrgi við greni þau, sem þörf er á, og halda þeim við. Heimilt er að laga skemmd greni, ef auðunnin eru, svo og ónýta önnur, sem torunnin eru, telji stjórn refaeyðinganna það hagkvæmt

10. gr.

Skýlt er að eitra fyrir refi og minka þriðja hvert ár í afréttum og heimalöndum. Oddvitar sjá um eitrunina, hver á sínu svæði, en þar sem fleiri hreppar eiga afréttir saman, skulu hlutaðeigandi oddvitar hafa samráð um eitrunina eða fá til sérstakan mann að sjá um hana. Héraðslæknar eða lyfjabúðir láta oddvitum í hendur eitur eftir fyrir mælum landbúnaðarráðherra.

III. KAFLI

Bann gegn minka- og refaeldi.

11. gr.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir geta bannað minkaeldi í umdæmum sínum og sömuleiðis eldi refa. Verði slíkt bann framkvæmt þar, sem nú eru loðdýrabú, skal sýslusjóður eða bæjarsjóður greiða eigendum skaðabætur samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna.

IV. KAFLI

Skipting kostnaðar.

12. gr.

Hreppsnefndir eða þeir, sem falið hefur verið að sjá um refa- og minkaeyðingu, skulu samhliða hreppsreikningi ár hvert hafa tilbúna reikninga yfir kostnað við starfsemi þessa, sundurliðaða, svo að glöggst sjáist kostnaður við hvort um sig, eyðingu refa og eyðingu minka. Að lokinni endurskoðun skulu þeir leggja fyrir næsta sýslufund til úrskurðar. Nú úrskurðar sýslunefnd, að reikningarnir séu réttir og ekki úr hófi háir, og skal þá sá aðili, er lagt hefur kostnaðinn fram við refaeyðingu, fá hann endurgreiddan að $\frac{2}{3}$ hlutum, að hálfu frá sýslunefnd, en að hálfu frá ríkinu. Kostnað við eyðingu minka skal endurgreiða að $\frac{5}{6}$, $\frac{2}{3}$ frá ríki og $\frac{1}{6}$ úr sýslusjóði.

56

25. maí

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

13. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, svo sem um eitrun fyrir refi og minka.

Enn fremur geta sýslunefndir sett nánari reglur um framkvæmd laganna, en landbúnaðarráðherra skal samþykkja þær, áður en þær öðlast gildi.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, 200—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 108 11. ágúst 1933, svo og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Árni Tryggvason.

Bjarni Ásgeirsson.

57

25. maí

L Ö G
um nauðungaruppboð.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samkvæmt lögum þessum fara:

1. Uppboð til fullnustu fjárkröfum samkvæmt heimild í

- a. Aðfarargerð (fjárnámi, lögtaki).
- b. Samningi um veðrétt í fasteign, þar sem slíkt er heimilað í lögum.
- c. Samningi um handveð.
- d. Skiptameðferð þrotabúa, skuldafrágöngu dánarbúa og annarra búa, þar sem enginn ber almennt ábyrgð á skuldum.
- e. Lögum, þar sem aðila er mæltur lögveðsréttur í verðmætum til tryggingar greiðslu og sala heimiluð án aðfarar.